

Möðruvallahreyfingin - baráttusaga

Bókarhöfundur: Elías Snæland Jónsson

Bókarheiti: Möðruvallahreyfingin - baráttusaga

Gagnrýnandi: Bolli Héðinsson, hagfræðingur

Útgáfa: Hergill, Kópavogi 2010, 464 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „*Bók Elíasar Snæland er afar fróðleg og upplýsandi frásögn um sögulegt tímabil í þjóðarsögunni og um hreyfingu sem á sér ekki hliðstæðu. Greint er frá undirmálum og ótrúlegum vinnubrögðum innan Framsóknarflokksins sem gera hvern mann orðlausan. Bókin er mikill fengur fyrir þá sem rannsaka íslenska stjórnálagssögu á síðustu öld. Þar er nákvæmni í frásögnum af atburðum og tímasetningu þeirra sem þakka má fádæma elju höfundar við að halda saman gögnum og skrá hjá sér atburði líðandi stundar.*“

MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í ÍSLENSKRI STJÓRMÁLASÖGU

Bókin um Möðruvallahreyfinguna er í frásögn eins forystumans hreyfingarinnar, sem fylgdist með allt frá byrjun og stóð í miðri atburðarásinni allan tímann á meðan hreyfingin starfaði. Í bókinni er skýrður aðdragandi hreyfingarinnar, farið yfir tímabilið sem hún starfaði og loks endalok hennar. Höfundurinn hefur haldið saman miklum fjölda gagna, úrklippum og minnisblöðum frá þeim tíma þegar atburðirnir áttu sér stað. Að þessu öllu er mikill fengur sem gerir bókina að skyldulesningu fyrir hvern þann sem vill kynna sér íslensk stjórnálag á seinni hluta 20. aldar.

Um langa hríð báru íslenskir jafnaðarmenn, hvar í flokki sem þeir stóðu, þá von í brjósti að á Íslandi risi upp flokkur, stærstur stjórnmálaflokkur, sambærilegur við þá jafnaðarmannaflokka sem starfað hafa svo áratugum skiptir annars staðar á Norðurlöndum. Í stuttu máli var það tilgangur Möðruvallahreyfingarinnar og nokkurra annarra hreyfinga síðar. Sú vegferð hefur verið ærið löng og margir orðið vegmóðir á leiðinni. Í hugum margra var með stofnun Samfylkingarinnar loksins það skref stigið.

Eitt þeirra mála sem kom alla tíð í veg fyrir að flokkarnir gætu starfað saman var spurningin um her í landi og aðildina að Nató. Er þessu gerð góð skil í bókinni og er ekki ósennlegt að dómur sögunnar um það mál eigi eftir að verða sá að þar hafi menn látið eitt afmarkað málefni ráða för og þannig hindrað þær þjóðfélagsumbætur sem flokkarnir hefðu getað náð saman um. Þjóðfélagsumbætur sem hinir sömu flokkar, a.m.k. í orði kveðnu, töldu mikilvægar fyrir íslenskan almenning. Er þetta enn ein ápreifanleg sönnun um hversu grátt kalda stríðið lék íslensk stjórnálag.

Í bókinni er varið miklu rými í frásagnir af fundum, stórum og smáum, mikilvægum og öðrum minna mikilvægum. Erfitt er fyrir þá sem ekki þekkja mikið til atburðarásarinnar að átta sig á mikilvægi einstakra funda en þetta er í samræmi við upplegg bókarinnar sem byggist mikið á minnisblöðum höfundarins. Flestir tengjast fundirnir Framsóknarflokknum og þá helst ungliðahreyfingu flokksins, eðli málsins samkvæmt. Að þessu öllu er mikill fengur fyrir sagnfræðinga og stjórnmálafræðinga framtíðarinnar. Ekki er víst að svo ítarlegt efni höfði endilega til almennra lesenda, annarra en þeirra sem voru þátttakendur eða áhorfendur að atburðunum þegar þeir áttu sér stað, en ber aftur á móti vott um vönduð vinnubrögð af hálfu höfundarins.

Stjórnálag eru ekki bara hugsjónir og fræði eins og ráða má af lestri bókarinnar heldur snúast þau ekki síst um einstaklingana, persónurnar sem fyrir hugmyndum fara að ekki sé talað um persónurnar sem gegn hugmyndunum standa. Slíkum málum er ekki auðvelt að gera viðunandi skil í bók af því tagi sem bókin um Möðruvallahreyfingin er. Þetta skiptir þó ekki minna máli þegar ris og fall hreyfingarinnar er skoðað heldur en málefnið sem lagt var upp með og tekist var á um.

Athyglisvert er að lesa um starfshætti Framsóknarflokksins í Reykjavík á þessum árum, virðingarleysi fyrir lýðræðislegum starfsháttum, umgengni um félagaskrár og annað sem lýtur að vinnubrögðum félagasamtaka sem vilja vera vönd að virðingu sinni.

Bókin um Möðruvallahreyfinguna verður þegar fram líða stundir sennilega grundvallarrit þeirra sem munu reyna að rekja sig í gegnum þá flokka, flokksbrot og samtök sem síðar leiddu til stofnunar Samfylkingarinnar. Hvort með Samfylkingunni hafi raungerst draumur íslenskra jafnaðarmanna um norrænan jafnaðarmannaflokk og Samfylkingin risi undir þeim væntingum er of snemmt að segja. Um

það verður sagan einn dómari.